Sýningar um helgina

Kjarvalsstaðir: Kjartan Guðjónsson sýnir olíumálverk, vatnslitamyndir og teikningar í vestursal.

Heimilisiðnaðarfélagið sýnir muni á vesturgangi.

Frímerkjasýning.

Listasafn Íslands: Yfirlitssýning á verkum Svavars Guðnasonar. Sýningin stendur til mánaðamóta.

Listmunahúsið: Sigríður Björnsdóttir sýnir 70 landslagsmyndir og 7 afstraktmyndir. Opið frá kl. 14—18 í dag og á morgun en þá lýkur sýningunni.

Listaskáli ASÍ, Grensásvegi 16: Sigurður Thoroddsen verkfræðingur sýnir vatnslitamyndir. Opið frá kl. 14—22. Sýningunni lýkur annað kvöld.

Nýlistasafnið, Vatnsstíg 3: Hollensk myndlistasýning, Vídd á pappír. Opið frá kl. 16—20 á virkum dögum en 14—20 um helgar. Sýningin stendur til 16. þ.m.

Norræna húsið: Finninn Pentti Kaskipuro sýnir grafíkmyndir í anddyri. Sýningin stendur til mánaðamóta.

Kirkjustræti 10: Sigrún Gísladóttir sýnir collage-myndir. Sýningin stendur til 18. þ.m.

Gallerí Háhóll: Kjartan Guðjónsson sýnir olíumálverk, vatnslitamyndir og teikningar.

Eden, Hveragerði: José Luis Lopez Ayala sýnir málverk og vatnslitamyndir. Sýningin stendur til 16. þ.m.

FÍM-salurinn, Laugarnesvegi 112: Gunnlaugur Stefán Gíslason sýnir vatnslitamyndir. Sýningin er opin frá kl. 14—22 um helgar, en 14—20 virka daga og stendur til 23. þ.m.

Safnahúsið á Selfossi: Páll S. Pálsson sýnir 30 myndir gerðar með blandaðri tækni. Sýningin er opin frá kl. 14—22 og stendur til 16. þ.m.

Gallerí Landlyst: Tryggvi Ólafsson sýnir akríl- og klippimyndir. Sýningin er opin frá kl. 14—22 og lýkur annað kvöld.

Ásmundarsalur: Ívar Valgarðsson sýnir skúlptúra og málverk. Sýningin er opin frá kl. 16—21 og stendur til 17. þ.m.

Húsgagnaverslun Hafnarfjarðar, Reykjavíkurvegi 64: Bjarni Jónsson sýnir olíumálverk, vatnslitamyndir, teikningar og málaðan rekavið.



Um helgina lýkur sýningu Sigríðar Björnsdóttur í Listmunahúsinu. Þar sýnir hún 70 landslagsmyndir og 7 afstraktsmyndir. Aðsókn hefur verið góð og margar myndir selst.

GALLERÍ HÁHÓLL OG KJARVALSSTAÐIR:

Kjartan Guðjónsson sýnir olíumálverk

vatnslitamyndir og teikningar

„Sjórinn og þorpið" nefnist sýning sem Kjartan Guðjónsson opnar í dag í vestursal Kjarvalsstaða. Á sýningunni eru 32 olíumyndir, 20 teikningar og 23 vatnslitamyndir. Hluti af þessari sömu sýningu verður í Gallerí Háhól á Akureyri og opnar einnig í dag. Þar sýnir Kjartan 30 myndir.


Kjartan Guðjónsson er fæddur í Reykjavík árið 1921. Hann stundaði listnám í Chicago í Bandaríkjunum 1943—45 en hafði áður verið einn vetur í Handíða- og myndlistaskólanum. Hann hefur haldið fjölmargar einkasýningar og tekið þátt í fjölda samsýninga bæði hérlendis og erlendis.

Kjarninn sá sami

— Ég málaði afstrakt í 45 ár, en hann Jón úr Vör breytti þessu, sagði Kjartan. — Ég myndskreytti ljóðabókina hans, Þorpið, sem Helgafell gaf út fyrir jólin í fyrra og það gerði útslagið. Það vildi svo til að ég átti minningar frá svipuðu þorpi, Þingeyri í Dýrafirði, einmitt frá þessum sömu árum, milli stríða. Það hafði mikil áhrif á mig að vinna þetta verk, má segja að alger þáttaskil hafi orðið hjá mér. Og framhaldið varð þetta sem þú sérð hérna.

Í framhaldi af þessu fór ég á sjó, á togaranum Ársæli Sigurðssyni frá Hafnarfirði, sem er okkar næstsíðasti síðutogari. Þá gerði ég mikið af skissum, m.a. þessar andlitsmyndir af áhöfninni á Ársæli, og hef verið að vinna úr þessum skissum síðan.

Sumar af þessum þorpsmyndum eru nátengdar Jóni úr Vör, framhald af bókinni, en annað er þróað út frá eigin minningum frá Þingeyri. Þetta er víst einhvers konar expressionismi, en það er mikið afstrakt í þessu. Ég hef alltaf haft mikinn áhuga á myndbyggingu, og hún er mjög sterkur þáttur í mínum myndum. Það má segja að kjarninn hafi ekki mikið breyst hjá mér, aðeins yfirborðið.



Kjartan Guðjónsson á sýningu sinni „Sjórinn og þorpið" á Kjarvalsstöðum.

Byggðastefnan í framkvæmd

Það má vissulega segja að það sé byggðastefnan í framkvæmd að opna þessa sýningu á tveimur stöðum samtímis, hér á Kjarvalsstöðum og í Gallerí Háhól á Akureyri. Fyrir norðan sýni ég 30 myndir, bæði olíu- og vatnslitamyndir og teikningar. Mér finnst ekkert réttlæti í því að landsbyggðin fái alltaf afganginn, það á að gera henni jafn hátt undir höfði og höfuðborginni.

Ég er nú kominn á þann aldur, þegar menn þurfa endilega að fara að skrá æviminningar sínar, en það er mitt lán að ég get málað þær.

MYNDLIST:

Bjarni Jónsson opnar sýningu í Hafnarfirði

Í DAG opnar Bjarni Jónsson sýningu í Húsgagnaverslun Hafnarfjarðar, Reykjavíkurvegi 64, Hafnarfirði. Á sýningunni eru 100 verk, olíumálverk, vatnslitamyndir, teikningar og málaður rekaviður, unnin á sl. tveimur árum.

Bjarni Jónsson er fæddur í Reykjavík 1934 og kom ungur á vinnustofur Ásgríms Jónssonar og Jóhannesar Kjarvals. Hann nam hjá Ásgeiri Bjarnþórssyni í Handíða- og myndlistaskólanum og hefur farið í námsferðir til útlanda. Bjarni hefur haldið margar einkasýningar og tekið þátt í samsýningum bæði hér heima og erlendis. Þá hefur Bjarni mikið unnið að myndskreytingum fyrir Ríkisútgáfu námsbóka og nýlega kom út bókin Íslenskir sjávarhættir eftir Lúðvík Kristjánsson með myndskreytingum Bjarna. Málverk hans hafa verið á farandsýningu í Bandaríkjunum á vegum American People Encyclopedia og hann hefur tekið þátt í biennalsýningum í París.

— Ég hef kosið það síðari árin að sýna fremur úti á landi en í höfuðborginni sagði Bjarni. — Fólk er yfirleitt miklu þakklátara þar og sækir sýningar mjög vel. Ég hef unnið mikið af þjóðlífsmyndum og er nú raunsæismaður í listinni, en var áður i afstraktinu.



Bjarni Jónsson á sýningu sinni í Húsgagnaverslun Hafnarfjarðar.


Mikið um að vera í Þjóðleikhúsinu

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ sýnir fimm leikrit um þessar mundir og verða fjögur þeirra á dagskrá um helgina.

Í kvöld verður sýning á gamanleik Holbergs, **Könnusteypinum pólitíska,** sem sýningar eru nýhafnar á með Bessa Bjarnasyni, Guðrúnu Þ. Stephensen og Þórhalli Sigurðssyni í aðalhlutverkum. Á morgun kl. 15.00 er svo sýning á **Óvitum** Guðrúnar Helgadóttur og eru aðeins fáar sýningar eftir á þessu vinsæla barnaleikriti.

—

Ennfremur verður á Litla sviðinu á morgun kl. 15 síðasta aukasýningin á leikriti Jökuls Jakobssonar, **Í óruggri borg.** — Annað kvöld er síðan sýning á leikriti Kjartans Ragnarssonar, **Snjó.** Á því eru einnig aðeins fáar sýningar eftir.



Bessi Bjarnason er í eldlínunni í „Könnusteypinum pólitíska", sem Þjóðleikhúsið sýnir í kvöld.

LEIKFÉLAG REYKJAVÍKUR:

Gamanleiknum Rommí afburða vel tekið

ANNAÐ kvöld verður 20. sýning á gamanleiknum Rommí eftir D.L. Coburn, en fyrir þetta leikrit fékk höfundurinn Pulitzer-verðlaunin bandarísku árið 1978.

Leikurinn gerist á elliheimili í Bandaríkjunum þar sem roskinn maður og roskin kona hittast úti á verönd. Hann er ákafur spilamaður en hún hefur ekki snert á spilum í áratugi. Hann tekur því að sér að hressa upp á spilakunnáttu hennar, og þau byrja að spila rommí. Þrjár helgar í röð spila þau látlaust, spauga og rífast, og eftir því sem á líður, opinbera þau sig æ betur hvort fyrir öðru, og áhorfandanum verður ljóst að undir yfirborðsgríninu búa alvarlegir undirtónar.

Sýningu Leikfélagsins hefur verið afburða vel tekið í leikstjórn Jóns Sigurbjörnssonar, og þau Sigríður Hagalín og Gísli Halldórsson þykja bæði fara á kostum í hlutverkum sínum í Rommí.



Sigríður Hagalín og Gísli Halldórsson þykja bæði fara á kostum í hlutverkum sínum í Rommí.